



**Háskólinn
á Akureyri**
University
of Akureyri

Hversdagssafnið

Um virði hversdagsins í menningararfinum

Matthildur Helgadóttir Jónudóttir

Félagsvísindadeild
Hug- og félagsvísindasvið
Háskólinn á Akureyri
2021

Hversdagssafnið

Um virði hversdagsins í menningararfinum

Matthildur Helgadóttir Jónudóttir

12 eininga lokaverkefni sem er hluti af
Baccalaureus Artium-prófi í nútímafræði

Leiðbeinendur
Arndís Bergsdóttir
Brynhildur Þórarinsdóttir

Félagsvísindadeild
Hug- og félagsvísindasvið
Háskólinn á Akureyri
Akureyri, janúar 2021

Titill: Hversdagssafnið. Um virði hversdagsins í menningararfinum

Stuttur titill: Hversdagssafnið

12 eininga bakkalárprófsverkefni sem er hluti af Baccalaureus Artium-prófi í félagsvísindum.

Höfundarréttur © 2021 Matthildur Helgadóttir Jónudóttir

Öll réttindi áskilin

Félagsvísindadeild

Hug- og félagsvísindasvið

Háskólinn á Akureyri

Sólborg, Norðurlóð 2

600 Akureyri

Sími: 460 8000

Skráningarupplýsingar:

Matthildur Helgadóttir Jónudóttir, 2021, B.A. verkefni, félagsvísindadeild, hug- og félagsvísindasvið, Háskólinn á Akureyri, 36 bls.

Ísafirði, mars, 2021

Ágrip

Þó að allar okkar lífsins sögur um daglegt amstur í gleði og sorg gerist í hversdeginum hefur honum lítill gaumur verið gefinn og hann lengst af verið undirskipaður í opinberu rými í safnasamfélaginu og menningararfinum. Hversdagssafnið á Ísafirði er eins konar andsvar við þessu. Það er óhefðbundið safn sem setur í brennidepil sögur venjulegs fólks úr hversdagsleikanum. Í þessari ritgerð er fjallað um birtingu hversdagsleikans á safninu og hvers virði það er að varpa ljósi á hið hversdagslega í menningararfinum. Skoðað er hvaða áhrif undirskipun hversdagsleikanum í menningararfinum hefur og hver framsetning hans er á Hversdagssafninu.

Það er mikilvægt að skoða skilgreiningar og framsetningu menningararfs. Hvert samfélag er skapað af öllum manneskjum sem byggja það og þegar fyrirbæri eins og menningararfur felur ekki í sér menningu allra þá getur það skilið stóran hluta út undan á jaðrinum, nánast ósýnilegan. Þannig eru samfélagshópar og fólkið sem þá myndar útilokað í stað þess að það finni að það tilheyri. Með því að fela hið hversdagslega er á sama tíma verið að draga fjöður yfir störf kvenna og almúgafólks. Hversdagssafnið hefur mögulega fundið leið til að safna og miðla menningu á þann hátt að gestir geti komist að hjarta svæðisins, tengi og skilji menningu þess betur.

Abstract

Although all of us have stories to tell about the joys and sorrows that occur in our everyday lives, little attention has been paid to them thus far. Indeed, the subject is widely neglected in the public spaces of our collective society and cultural heritage. The Museum of Everyday Life in Ísafjörður (Hversdagssafnið) offers a solution. This unconventional museum puts these everyday stories of ordinary people into the spotlight. This essay discusses the stories of everyday happenings that are disclosed in the museum's collection and the value to our cultural heritage of unveiling the ordinary. It will examine how our cultural heritage is affected by the neglect of our everyday stories and how this is expressed in the Museum of Everyday Life.

It is important to consider how our cultural heritage is defined and presented. Every community is shaped by all of the people who inhabit it, and when a phenomenon such as cultural heritage does not encompass the culture of everyone, it excludes a large portion of the population, making them virtually invisible. Thus, entire social groups and their members are excluded, instead of giving them a sense of belonging. Overlooking the mundane means not appreciating the work of women and the common folk. The Museum of Everyday Life has just possibly found a way to culturally assemble and share this in such a unique way that allows its visitors to see straight into the heart of the region, to connect with it and truly understand its cultural heritage.

Formáli

Þessi ritgerð er skrifuð sem 12 eininga lokaverkefni í nútímafræði við hug- og félagsvísindasvið Háskólans á Akureyri. Það er ómetanlegt að fá góðan leiðbeinanda og ég var svo lánsöm að fá tvær úrvalskonur í það hlutverk. Þær Arndís Bergsdóttir og Brynhildur Þórarinsdóttir voru leiðbeinendur mínir við skrif á þessari ritgerð og vil ég þakka þeim báðum fyrir trausta og góða leiðsögn, ómetanlega hvatningu og góð ráð við vinnslu verksins.

Sérstakar þakkir fá þær Björg og Vaida á Hversdagssafninu fyrir að taka mér svona vel og opna allar hirslur safnsins fyrir mér. Ég þakka þeim fyrir að treysta mér og kynna fyrir mér innsta kjarna hugmyndarinnar um Hversdagssafnið. Án þeirra hefði þessi ritgerð um hversdaginn einfaldlega ekki orðið til og ef ég hefði ekki kynnst þeirra hugmyndum tæki ég ekki eftir ljóðunum í hversdeginum.

Ég vil einnig þakka fjölskyldu, vinum og vinnufélögum fyrir tillitssemi, þolinmæði og hvatningu og fyrir að nenna að taka þátt í endalausum umræðum um hversdagsleikann. Sérstaklega vil ég þakka Önnsku sem dreif mig í háskólanám á gamalsaldri og las yfir þessa ritgerð. Annska og Auður eiga líka sérstakar þakkir skildar eftir að hafa gengið með mér hundruð kílómetra á námstímanum, einmitt þegar þess þurfti. Gummi, þessi elska á einnig bestu þakkir skildar, hann tók að sér þau störf á heimilinu sem ég trassaði, huggaði mig og hvatti og síðast en ekki síst eldaði handa mér dýrindis mat. Ég hefði ekki getað þetta án ykkar.

Efnisyfirlit

1	INNGANGUR	1
2	HVERSDAGSSAFNIÐ	3
2.1	SAGA SAFNSINS OG MARKMIÐ	3
2.2	SÝNINGARNAR	4
3	FRÆÐILEG UMFJÖLLUN	7
3.1	MENNINGARARFUR.....	7
3.2	SÖFN	9
	<i>TILGANGUR OG SKILGREININGAR</i>	9
	<i>ÁSKORANIR OG BREYTINGAR</i>	10
3.3	HVERSDAGSLEIKINN	12
4	AÐFERÐ	15
4.1	MARKMIÐ RANNSÓKNARINNAR OG-AÐFERÐAFRÆÐI.....	15
4.2	EIGINDLEGAR RANNSÓKNARAÐFERÐIR	15
4.3	TILFELLARANNSÓKN	16
4.4	FRAMKVÆMD	18
4.5	RÉTTMÆTI OG ÁREIÐANLEIKI	18
5	NIÐURSTÖÐUR	21
5.1	HVERSDAGSSAFNIÐ – FRÁ HUGMYND TIL VERULEIKA	21
5.2	SÖGURNAR SEM SAFNKOSTUR	23
5.3	HULDUEFNIÐ HVERSDAGURINN	24
5.4	MENNINGARARFURINN	25
6	UMRÆÐUR	27
6.1	VIRÐI HINS HVERSDAGSLEGA Í MENNINGARARFINUM	27
6.2	HVERNIG BIRTIST HVERSDAGSLEIKINN Á HVERSDAGSSAFNINU?	29
7	LOKAORÐ	31
	HEIMILDIR	33

1 Inngangur

Hversdagslegt amstur er heillandi fyrirbrigði en svo venjulegt að við veitum því alla jafna ekki mikla athygli, jafnvel þó að flestar okkar daglegu athafnir og lífsins sögur gerist í hversdeginum. Því er áhugavert að rannsaka vægi hversdagsleikans í menningararfinum og skoða hvernig hann er settur fram á söfnum sem hýsa menningararf. Á söfnum þar sem sögum, hlutum og viðburðum úr mannlífinu hefur verið safnað saman hefur hversdagsleikinn lengst af verið undirskipaður og lítt áberandi. Sögurnar sem hafa ratað á söfnin eru gjarnan af einhverju sérstöku, framúrskarandi fólki, oftast körlum eða af tímamótum í sögu samfélagsins. Hlutirnir á söfnum eru oft gamlir og tengjast atvinnusögu, sérstöku tilefni eða frægum einstaklingi. Framsetningin er heldur ekki hversdagsleg. Sögunum og hlutum er gjarnan lyft á stall eða pakkað inn í neytendaumbúðir og þegar gægst er inn í pakkann kemur oftast en ekki í ljós saga hvíta, vestræna, miðaldra karlsins, einkum þess sem á eitthvað undir sér. Karlkynið er normið og sýningarnar hverfast um það á meðan kvenkynið er sett út á jaðarinn (Arndís Bergsdóttir, 2016).

Því hefur stundum verið haldið fram að sigurvegararnir skrifi söguna en það er ekki endilega svo einfalt, því að sagan er alltaf að skrifa sig og við að skrifa söguna okkar í daglegu lífi. Sagan er heldur ekki ein óbreytanleg staðreynd því að það skiptir máli hver segir hana. Upplifun fólks af sama viðburðinum og sjónarhorn er misjafnt (Grahn, 2006, bls. 440). Áhugavert er að velta fyrir sér hvaða sögum við höldum til haga og á lofti og ekki síður hvaða sögur við hirðum ekki um að geyma. Í valinu á viðfangsefnum og framsetningu sagna og hluta á söfnum liggur hápólitískt vald (Ólafur Rastrick og Valdimar Tr. Hafstein, 2015). Á Hversdagssafninu á Ísafirði er það vald nýtt til að setja hversdaginn í forgrunn. Þannig ögrar Hversdagssafnið hefðbundinni nálgun safna sem hafa frekar lagt áherslu á að sýna hið óvenjulega og framúrskarandi. Hversdagsleikinn hefur ekki þótt nógu markverður þó að hann sé hugsanlega það markverðasta sem við eigum. Hann er sá efniviður sem getur tengt okkur saman þvert á þjóðir, menningar og trúarbrögð því að við lifum öll og hrærumst í hversdagsleikanum. Við borðum, sofum og eigum fjölskyldur þó að við höfum misjafna siði. Þegar við skoðum hversdagslegar athafnir annarra

sjáum við hvað við eigum sameiginlegt og það hjálpar okkur að skilja betur hvert annað og sjá hvað það er margt líkt með okkur — hvar sem við búum í heiminum eða hvaða menningarheimi sem við tilheyrum. Á ferðalögum velta margir fyrir sér hvernig venjulegt fólk býr, við hvað það vinnur og hvað það gerir sér til dægrastyttingar. Fólk leitar að því sammannlega. Með því að setja fókusinn á hið hversdagslega er Hversdagssafnið að segja sögur sem hingað til hafa verið ósýnilegar eða sagðar á forsendum annarra, sögur okkar allra. Sögur karla, kvenna og jaðarhópa (Björg Sveinbjörnsdóttir og Vaida Bražiūnaitė, munnleg heimild, 15. apríl 2020).

Tilgangur þessarar ritgerðar var að leita svara við því hvers virði það er að varpa ljósi á vægi hins hversdagslega í menningararfinum. Sérstaklega var skoðað hvernig hversdagsleikinn birtist á Hversdagssafninu á Ísafirði. Til að leita þessara svara var notast við tilfellarannsókn. Aflað var gagna um tilurð, rekstur og hugmyndafræði safnsins, m.a. með viðtölum við Björgu Sveinbjörndóttur og Vaidu Bražiūnaitė sem stofnuðu safnið og hafa rekið það frá árinu 2016. Fyrstu kynni mín af safninu voru þegar ég var ein þeirra sem lagði til myndir og frásagnir úr mínu daglega lífi í opnunarsýninguna *Það er ýmislegt sem gerist*. Það var bæði heillandi og skemmtilegt að taka þátt í því verkefni og það lagði vörðu að vali mínu á ritgerðarefni.

2 Hversdagssafnið

Hversdagssafnið (e. Museum of everyday life) er spennandi fyrirbæri í menningarflórunni á Vestfjörðum. Það er óhefðbundið safn í miðbæ Ísafjarðar sem safnar hversdagslegum endurminningum fólks og sýnir þær á frumlegan og listrænan hátt þar sem innsetningar og tækni er notuð til að skapa nálægð hjá gestum safnsins við íbúa svæðisins (Björg Sveinbjörnsdóttir og Vaida Bražiūnaitė, munnleg heimild, 15. apríl 2020).

2.1 Saga safnsins og markmið

Hversdagssafnið er staðsett í hjarta Ísafjarðar í yfir hundrað ára gömlu húsi sem hýsti skóbúð bæjarins í meira en hálfa öld. Björg Sveinbjörnsdóttir, sem er fædd og uppalin á Suðureyri við Súgandafjörð, og Vaida Bražiūnaitė, sem kemur frá Utena í Litháen, stofnuðu safnið árið 2016. Þær búa báðar með fjölskyldum sínum á Ísafirði en leiðir þeirra lágu fyrst saman á kvikmyndahátíð árið 2014. Fljótlega kom í ljós sameiginlegur áhugi þeirra á hversdeginum og daglegu lífi fólks. Hugmyndin um að stofna safnið þróaðist út frá þessum áhuga og er enn í þróun (Björg Sveinbjörnsdóttir og Vaida Bražiūnaitė, munnleg heimild, 15. apríl 2020). Safnið, sem er ætlað að höfða jafnt til heimamanna sem og ferðamanna, var í fyrstu gallerí, þ.e. nokkurs konar verslun með listmuni og hönnunarvöru af svæðinu, og sögurnar af daglega lífinu, sem þær sáu fyrir sér að myndu tengja gesti og íbúa saman, fylgdu með. Þær nýttu sér menntun sína á sviði félagsvísinda þar sem Björg er menntuð í félags- og kynjafræði og hagnýtri menningarmiðlun og Vaida er með menntun í sjónrænni mannfræði og sköpuðu sér vinnu við að rannsaka hversdagslíf Vestfirðinga með stuðningi Uppbyggingasjóðs. Þær nýta aðferðir félagsvísinda við öflun sagna, greiningu þeirra og framsetningu auk þess sem þær nýta innsetningar, listræna nálgun og tæknilegar útfærslur sýninganna (Edda Pétursdóttir og Marta Hlín Magnadóttir, 2020).

Meginmarkmið safnsins er að rannsaka hið hversdagslega og venjulega. Enn fremur að finna raddir heimamanna og miðla þeim með minningum, sagnabrotum og frásögnum um gleði og sorgir sem felast í hversdagslegum athöfnum. Það gera þær Vaida og Björg bæði til að opna glugga inn í horfin heim fortíðar og daglegt líf nútímafólks. Á þessu óhefðbundna safni eru

frásagnirnar safnmunirnir og þær ljá hlutunum á sýningunum merkingu. Hlutirnir sem gestir sjá á safninu eru ekki eiginlegir safnmunir heldur gegna því hlutverki að styðja við frásagnirnar. Allar sögurnar og minningabrotin eiga það sameiginlegt að vera hversdagsleg og sýningarnar eru sérstaklega hannaðar með það í huga að upplifun gesta verði sem líkust því að þeir hitti fólkið sem segir sögurnar og tengist því með því að snerta og handleika hlutina. Þessi framsetning er vel til þess fallin að vekja upp endurminningar gestanna sjálfra um sitt daglega amstur. Á þennan hátt skapa þær tengsl milli gesta og safnkostarins og upplifun gesta opnar þannig möguleika á stærri safnkosti. Það sem gerist í huga gestsins, þ.e. minningarnar sem hann sækir er sameiginleg upplifun hans og þess sem segir söguna og tenging við sögumann verður þannig hluti af safnkostinum (Björg Sveinbjörnsdóttir og Vaida Bražiūnaitė, munnleg heimild, 15. apríl 2020). Þeir gestir sem vilja geta skilið eftir sínar eigin sögur sem eru birtar á Instagramsíðu safnsins (Hversdagssafn, e.d.).

2.2 Sýningarnar

Sýningum hefur fjölgað jafnt og þétt síðan safnið var opnað en þrjár fastar sýningar eru að öllu jöfnu í gangi í aðalrými safnsins. Þær eiga það allar sameiginlegt að vera safn frásagna úr daglegu lífi fólks á Vestfjörðum.

Fyrst má nefna sýninguna *Það er ýmislegt sem gerist* sem var sett upp árið 2016 þar sem frásagnir og ljósmyndir úr myndaalbúnum Vestfirðinga eru til sýnis í gömlum harðspjaldabókum sem límdar eru upp á vegg. Björg og Vaida fóru heim til þeirra einstaklinga sem tóku þátt, flettu með þeim myndaalbúnum heimilisins og fönguðu sögur og minningar með upptökutækjum. Frásagnirnar eru dæmigerðar fyrir frásagnir sem sagðar eru við eldhúsborðið í rabbi um allt og ekkert. Þannig gefst gestum safnsins tækifæri á að fara í minningaferðalag með Vestfirðingum og sjá daglegt líf fólks á svæðinu (Hversdagssafnið, e.d.).

Sýningin *Í okkar sporum* var sett upp árið 2017 en í henni eru notaðir skór sem settir eru upp á hillu og gefst gestum kostur á að skoða skóna og jafnvel máta þá á meðan þeir hlusta á frásagnir eigenda þeirra af ferðum sínum í skónum. Sögurnar eru allt frá því að vera af hversdagslegu amstri heimamanna upp í frásagnir af löngum göngum um fjarlæg og hrjóstrug fjöll (Hversdagssafnið, e.d.).

Sýningin *Það er í lagi að vera ekki Íslendingur* geymir sögur nýrra Vestfirðinga sem eiga sér rætur í öðrum löndum. Á þeirri sýningu gefst gestum kostur á að kynnast þeim áskorunum sem

nýir íbúar svæðisins þurfa að takast á við, hvort sem um er að ræða kalda og dimma vetur, flókin blæbrigði íslenskunnar eða óskráða siði og venjur sem einungis lærast með tímanum. Jafnframt er þetta á margslunginn hátt lykillinn að samfélaginu (Hversdagssafnið, e.d.).

Safninu er skipt niður í þrjú rými. Auk aðalrýmisins sem hýsir föstu sýningarnar er bakherbergi þar sem sýnd eru stutt vídeóverk sem veita innsýn í veruleika sem er að öllu jöfnu ekki aðgengilegur ferðamönnum. Verkin bera lýsandi nöfn eins og *Beðið eftir storminum*, *Hljóðin úr eldhúsinu* og *Norðurljós*. Þau eru sögð frá sjónarhorni íbúa svæðisins þar sem viðfangsefnin eru bæði kunnugleg og sérstök og gefa innsýn í viðhorf íbúanna til fyrirbæra eins og storms og norðurljósa og hvernig þau falla inn í daglega amstrið. Það má segja að sýningar sem þessar séu mikilvæg viðbót í tilveruna því þar getur áhorfandinn mátað sína upplifun við upplifun annarra (Arnhildur Lilý Karlsdóttir, 2019). Á safninu er einnig rými fyrir aðra starfsemi. Þar eru reglulega haldnar ritsmiðjur og tímabundnar sýningar sem og annars konar viðburðir og smiðjur í samstarfi við innlenda og erlenda aðila (Hversdagssafnið, e.d.).

3 Fræðileg umfjöllun

Í þessum kafla verður fræðilegur grunnur menningararfs og hversdagsins skoðaður í tengslum við rannsóknarspurningarnar um framsetningu og vægi hins hversdagslega í menningarfinum og hvernig menningararfurinn er sýndur á söfnum. Kaflinn er ekki tæmandi úttekt á framangreindu en er ætlað að dýpka skilning á hversdeginum sem fyrirbæri, því hvernig hann birtist í menningarfinum og hvaða máli það skiptir.

3.1 Menningararfur

Menningararfur er vítt hugtak sem við notum gjarnan til að lýsa einhverju sem okkur þykir markvert úr fortíðinni. Það er ekki til ein algild skilgreining á orðinu og hér verða því kynntar nokkrar skilgreiningar á hugtakinu menningararfur og það skoðað frá sjónarhorni fræðafólks. Til að nálgast merkingu orðsins er nærtækt að byrja á því að fletta því upp í orðabók. Í *Íslenskri nútímamálsorðabók Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum* segir að menningararfur sé „sameiginleg lífsviðhorf, umgengnisvenjur og listform þjóðar eða stórs hóps, sem hafa mótast af mörgum kynslóðum“ (Halldóra Jónsdóttir og Þórdís Úlfarsdóttir, 2020b). Þótt þessi útskýring sé góðra gjalda verð þá hefur hún þær takmarkanir að ekki verður séð að jaðarhópar rúmist innan hennar og samkvæmt henni tekur það nokkrar kynslóðir að móta fyrirbæri þannig að það teljist menningararfur. Lög um menningarminjar (nr. 80/2012) renna líka stoðum undir þetta eins og sjá má á eftirfarandi dæmum: „Tilgangur laga þessara er að stuðla að verndun menningarminja og tryggja að íslenskum menningararfi verði skilað óspilltum til komandi kynslóða“ og „menningarminjar teljast ummerki um sögu þjóðarinnar, svo sem fornminjar, menningar- og búsetulandslag, kirkjugripir og minningarmörk, hús og önnur mannvirki, skip og bátar, samgöngutæki, listmunir og nytjahlutir, svo og myndir og aðrar heimildir um menningarsögu þjóðarinnar.“

Það er því ótvírætt þannig að menningararfur er talinn tengjast hlutum og hefðum úr fortíðinni frekar en nútíðinni.

Hugtakið er margþætt því það vísar bæði til heimilda um fortíðina og túlkunar á þeim. Það er því notað sem samheiti yfir sýn samtímans á söguna, sem varpar frekar ljósi á ríkjandi sögusýn en liðna tíma. Straumar og stefnur í nútímanum hafa jafnvel meiri áhrif á hvort eitthvað verði talið menningararfur en atburðir á þeim tíma sem hluturinn var gerður eða siðurinn ástundaður (Anna Þorbjörg Þorgrímsdóttir, 2008). Auk þess má segja að hræðslan um að eitthvað spillist geri það að menningararfi. Án yfirvofandi hættu á að þessir hlutir eða siðir glattist eru þeir einungis hluti af daglegu lífi. Það á við um hversdagslega hluti og siði í nútímanum sem við veitum varla athygli. Dæmi um slíkt gæti verið gamalt hús sem enginn tekur eftir fyrr en á að rífa það (Ólafur Rastrick og Valdimar Tr. Hafstein, 2015). Oft er því slegið fram að okkur sé mikilvægt að tengjast uppruna okkar, þ.e. að vita hver við erum með því að vita hvaðan við komum. Þannig geti þekking á menningararfi okkar virkað sem brú á milli kynslóða (Ólafur Rastrick og Valdimar Tr. Hafstein, 2015). Eins og fram hefur komið rúmast ekki allt innan hugtaksins en til þess að eitthvað teljist nógu merkilegt þarf einhver í samtímanum að hampa því og hafa áhuga eða hag af því að upphefja og verja það. Áhuginn gæti átt uppruna sinn á sérfræðistofnunum eða verið sprottinn úr athafnalífi eða stjórnámálum af hugmyndafræðilegum, pólitískum, félagslegum eða efnahagslegum ástæðum. Því er menningararfur hápólitískur og ljóst að það skiptir ekki einungis máli hvað er skilgreint og hverju hampað sem menningararfi heldur af hverjum og hvers vegna (Ólafur Rastrick og Valdimar Tr. Hafstein, 2015).

Það má segja að menningararfur hafi verið á dagskrá undanfarin ár sé litið til stefnu ríkisstjórna og uppbygginu á ferðaþjónustu þar sem markmiðið er meðal annars að auka sértekjur þeirra aðila sem vinna að varðveislu og miðlun menningararfs og það markaðssett undir hatti menningartengdrar ferðaþjónustu (Fjórðungssamband Vestfirðinga, 2016). Það er því mikilvægt að skoða hvernig menningararfur verður til og ekki síður á hverja hallar. Í því karllæga samfélagslega umhverfi sem oft er nefnt feðraveldi er ástæða til að gera framlag kvenna í samfélaginu sýnilegra og setja spurningarmerki við þá söguskoðun að vinnuframlag karla sé markverðara en vinnuframlag kvenna. Simone De Beauvoir sagði árið 1949 að karlmaðurinn hafi haft yfirburði alla mannkynssöguna og hlutverk konunnar verið skilgreint út frá stöðu hans. Eftirfarandi fleygu orð hennar lýsa því vel: „Maður fæðist ekki kona, heldur verður kona“ (Sigríður Dúna Kristmundsdóttir, 1999, bls. 67). Auk þess er framsetning á hlutverkum karla og kvenna mismunandi á söfnum, þar sem konur eru tiltölulega óvirkar,

grunnhyggjar og hljóðlausar á sama tíma og karlmenn eru athafnasamir, gáfaðir og áberandi (Porter, 1995). Margir fræðimenn hafa gefið þessu gaum og haft áhyggjur. Gagnrýni á menningararfsfræði hefur verið að aukast og árið 2012 var stofnað alþjóðlegt félag fagaðila um gagnrýna menningararfsfræði til að færa þrótt í fagið. Það er yfirlýst stefna félagsins að draga í efa viðtekin sannindi um menningararf og setja spurningarmerki við tengsl við þjóðernisstefnu, heimsvaldastefnu, félagslega aðgreiningu stétta og sannfæringu um yfirburði Vesturlanda (Ólafur Rastrick og Valdimar Tr. Hafstein, 2015). Arndís Bergsdóttir (2015) bendir einnig á að mikilvægt sé að komast framhjá kerfisbundinni mismunun kynjanna í framsetningu og túlkun og því sé mikilvægt að skapa rými fyrir öðruvísi nálgun og gagnrýni á þá mismunun þegar kemur að menningararfi.

3.2 Söfn

Söfn eru þeir staðir sem sýna menningararfinn og hér verður skoðuð saga þeirra og tilurð í grófum dráttum. Þetta yfirlit er ekki tæmandi úttekt heldur sett fram sem dæmi um hvernig safnaheimurinn sýnir menningararfinn og hversdagsleikann. Sú hefð að safna hlutum er mjög gömul og rótgróin því að samfélög hafa lengi safnað og varðveitt muni sem þau hafa talið sérstaka og mikilvæga. Dæmi um þetta eru *chitrasahals* sem voru málverkasalir á Indlandi til forna og geymdu bæði málverk og höggmyndir í þeim tilgangi að skemmta og mennta og verðmætir, óvenjulegir munir voru geymdir í hofum og kirkjum í Evrópu og Asíu á fornöld. Söfn, í nútímaskilningi, hafa þróast í gegnum tíðina og hefur mikil breyting orðið á þeim. Aðals- og hirðmenn kóngafólks settu upp fyrstu söfnin á 17. öld sem þá voru einkasöfn lokuð almenningi. Miklar breytingar urðu í safnaheiminum er nýlendutímanum lauk og söfn fengu í auknu mæli það hlutverk í að rækta samband við almenning. Þau fengu einnig eins konar fræðsluhlutverk. Síðar þróuðust þau í að vera þær menningar- og fræðslustofnanir sem söfn eru í dag, þar sem áhersla er lögð á að þau séu öllum opin (Ambrose og Paine, 1994/1998).

Tilgangur og skilgreiningar

Tilgangur safna er samofinn sögu þeirra og hefur hann breyst og söfnin þróast frá því þau voru opnuð almenningi. Áherslurnar færðust frá því að sýna muni í það að fræða almenning. Samkvæmt íslenskum safnalögum er tilgangur safna m.a. að tryggja að menningararfi okkar verði skilað óspjölluðum til næstu kynslóða og það geri þau með því að safna, skrá, varðveita, rannsaka og sýna eða varpa ljósi á menningararfleið þjóðarinnar (safnalög nr. 141/2011). Á vef

Safnaráðs Íslands er skilgreining á safni miðuð við skilgreiningu alþjóðaráðs safna ICOM en þar kemur fram að safn „sé stofnun eða staður sem velur, rannsakar og hefur til sýnis efnisleg og óefnisleg ummerki mannsins og umhverfi hans.“ (Safnaráð, e.d.). Viðfangsefni og markmið safna eru fjölbreytt og skv. safnalögum eru söfn stofnanir sem eiga að starfa í þágu almennings, skulu ekki vera rekin í hagnaðarskyni og eiga vera opin almenningi (safnalög nr. 141/2011). Þegar leið á 20. öldina fór að bera á gagnrýnisróddum um skipulag, hlutverk og tilgang vestrænna safna. Þau voru gagnrýnd fyrir að vera nokkurs konar musteri elítunnar, vöruhús full af ránsfeng frá nýlendutímanum og valdastofnanir nýttar sem slíkar til innrætingar svo viðhalda mætti valdaskipan (Thomas, 2016).

Miklar samfélagslegar breytingar áttu sér stað í hinum vestræna heimi og söfn þróuðust og breyttust með tíðarandanum. Áhersla var lögð á að söfn væru samfélagslegar stofnanir sem störfuðu í þágu almennings (Smiths, 2006). Utanaðkomandi þrýstingur hafði því áhrif á þróunina innan safna. Kröfurnar um breytingar komu þó ekki eingöngu að utan því að þær komu líka frá opinberum aðilum, sem í mörgum tilfellum ráku söfnin eða fjármögnuðu þau, og starfsmönnum safnanna sjálfra sem tóku þátt í umræðum um breyttar áherslur í samfélaginu. Krafan um breytingar kom því bæði ofan frá og neðan (Thomas, 2016). Thomas bendir einnig á að þótt söfn hafi sýnt og sagt söguna á margvíslegan hátt svo lengi sem þau hafa verið til séu þau í auknum mæli þær stofnanir sem svipta hulunni af og endurmeta erfiða atburði í sögunni og fá þannig þann sess að vera samviska samfélagsins (Thomas, 2016). Þau hafi því verið notuð í pólitískum tilgangi til að skapa ákveðna stemningu með ákveðnum safnmunum og minnisvörðum. Hann benti líka á að safn er meira en sagan sem það segir. Það er staður til að vera á og það á að vera staður sem sýnir samfélagið, viðheldur því og skapar samfélagslegan vettvang sem hvetur okkur til að vera forvitin. Sú skoðun að söfn eigi líka að vera opinn vettvangur til að ræða hugmyndir eru ekki ný af nálinni. Cameron (1971) tengdi þær við sögulegt og pólitískt hlutverk málþinga eða funda þar sem fólk kom saman og ræddi mikilvæg málefni líðandi stundar.

Áskoranir og breytingar

Söfn standa frammi fyrir mörgum áskorunum og ein þeirra er að velja hvernig safnmunir eða sögur eru settar fram og hvaða orð eru notuð. Í söfnum eru munir sundurgreindir og þeim raðað upp eftir félagslegum þáttum, valdaskipan og líkindum, svo eitthvað sé nefnt (Thomas, 2016).

Eins og bent hefur verið á urðu söfn ekki til í tómarúmi heldur hafa þau endurspeglad vilja ríkjandi valdhafa og eru bæði leynt og ljóst nýtt til að innræta og viðhalda ákveðnum hugmyndum um sigra og yfirburði. Í slíku umhverfi er ljóst að hversdagslegir munir og sögur af daglegu lífi hafa verið undirskipaðar og ástæður og pressa til að safna hversdagslegum heimildum ekki til staðar. Bryndís Björgvinsdóttir (2015) talar í þessu samhengi um að menningararfurinn hafi verið aðskilinn frá hversdeginum til að gera hann áhugaverðan í sviðsetningu sem á að endurspegla fortíðina.

Safnverðir telja sig gjarnan vera hlutlaus í framsetningu á sýningum með því að hafa álíka margar konur og karla. Þeir átta sig kannski ekki á hversu inngróið misréttið er í kerfið sem sýnir afrek karla og konur sem vitni að þeim afrekum, standandi á jaðrinum (Porter, 1995).

Í framsetningu á sýningum er heldur ekki nóg að gæta þess að konur séu sýnilegar því að þær þurfa að vera sýndar á eigin forsendum sem gerendur en ekki einungis sem viðfang. Það þarf að varpa ljósi á flókið samspil undirskipunar vegna kynjakerfis og hugmyndafræði innan safnaheimsins og innleiða femínískar kenningar (Arndís Bergsdóttir, 2015). Í framhaldi af þessu má benda á rannsókn Gyðu Margrétar Pétursdóttur (2012) þar sem hún skoðaði hvernig styðjandi kvenleiki stuðlar að undirskipun kvenna og mengandi kvenleiki spillir sambandinu á milli stuðlandi kvenleika og ráðandi karlmennsku. Styðjandi kvenleiki styður við hugmyndir um kvenleika sem kemur til móts við langanir karla. Saman stuðla ráðandi karlmennska, sem byggir á að konur séu neðar í stigveldinu en karlar, og styðjandi kvenleiki að stofnanabundnum yfirráðum karla yfir konum. Það er ekki einungis svo að á söfnum hafi birtingarmyndir kvenna verið á forsendum annarra en þeirra sjálfra heldur hafa skilgreiningar menningararfs verið notaðar til reyna að hafa áhrif á klæðaburð og hegðun íslenskra kvenna (Ólafur Rastrick, 2015, bls. 135).

Grahn (2006, bls. 440) leggur til að söfn vandi framsetningu á gögnum þannig að safngestum sé ljóst frá hvaða sjónarhorni sagan sé sögð og enn fremur varar hún við því að líta á slíkar sögur sem algildan sannleika. Valdimar Tr. Hafstein (2006, bls. 314) er á svipuðum slóðum þegar hann talar um að menningararfur sé ákveðið sjónarhorn og að það sé búið að kenna okkur að horfa á samtímann með gleraugum minjavarðarins. Það ætti að vekja umræður um söguna og þar með dýpka skilning á henni og það er knýjandi að innleiða kynjaða hugsun í túlkun á menningararfi því að túlkun og meðhöndlun getur hvort sem er útilokað eða innviklað hópa fólks (Ólafur Rastrick, 2007, bls. 340). Það er líka mikilvægt því að menningararfur er einn

af þeim þáttum sem hefur áhrif á uppbyggingu sjálfsmyndar einstaklinga og hópa (Grahn, 2006, bls. 440).

3.3 Hversdagsleikinn

Hversdagslegt amstur er svo venjulegt að við veitum því ekki mikla athygli. Það er helst að við leggjum á minnið sérstakar gleðistundir, erfiðleika og sorgir. Daglegt líf er eins konar huldufni og þar eru ómerkilegu atvikin sem við gleymum strax og gerast á milli mikilvægra og eftirminnilegra atburða. Daglegt líf hefur sinn takt þar sem við hittum vini, látum börnin læra, eldum matinn, hringjum í mömmu eða förum í vinnuna. Þegar rætt er um hversdagsleikann er þar oftast átt við daglegt amstur fólks og það sem einum finnst hversdagslegt getur verið óvenjulegt fyrir aðra manneskju (Edda Pétursdóttir og Marta Hlín Magnadóttir, 2020). Orðið hversdagslegur er þó gildishlaðið og sé því flett upp í *Íslenskri orðabók Menningarsjóðs* kemur fram að hversdagslegur tákni „daglegur, sem gerist dag hvern; algengur, marklítill, fábrotinn; ómerkilegur, lítilsverður“ (Árni Böðvarsson, 1988, bls. 432). Í nýrri orðabókum er þó dregið úr neikvæðninni og í netútgáfu Íslenskrar nútímamálsorðabókar Árnastofnunar segir að hversdagslegur sé „það sem einkennir virka daga, fábrotinn“ (Halldóra Jónsdóttir og Þórdís Úlfarsdóttir, 2020a). Það er því varla að undra að allt það mannanna amstur sem fellur undir hversdaginn hafi ekki endað á söfnum, enda hafa þau einkum gert því einstaka og stórkostlega skil eins og fram hefur komið. En þetta hefur verið að breytast og krafan um verndun daglegra hluta og siða hefur aukist mikið og tilraunir fólks til að tengja fortíð við samtíð orðnar það almennar að það má tala um menningararfsvæðingu (Valdimar Tr. Hafstein, 2006, bls. 314).

En ef rýnt er nánar í hversdagsleikann má sjá að margt af því hversdagslega er hvorki fábrotið né ómerkilegt og amstur og samtöl dagsins í dag eru verðmæti framtíðarinnar. Það kemur berlega fram í rannsókn sem gerð var við Harward háskóla og var birt árið 2014 en hún ber nafnið „A 'Present' for the Future: The Unexpected Value of Rediscovery.“ Þar voru þátttakendur m.a. beðnir um að skrifa dagbók um samtöl í daglegu amstri og setja færslurnar á skala eftir því hversu venjulegar þær væru og hversu áhugavert þeir héldu að þeim þætti að lesa þær eftir nokkra mánuði. Niðurstaðan var að þátttakendur vanmátu gildi þess að rifja upp hversdagslegu samtölin og í raun var fylgni á milli þess hversu venjuleg þau voru og hversu áhugavert þeim þótti að rifja þau upp. Það að fólk ofmeti hæfni sína til að muna verður til þess að fólk lætur hjá liggja að skrásetja daglegt amstur sem er jafnframt grunnurinn að því hversu

mikla ánægju það fékk út úr upprifjuninni. Fram kom í rannsókninni að fólk vanmetur gildi þess að enduruppgötva fortíðina og með því að hvetja fólk til að halda dagbækur eða skrásetja daglegt líf er því gefið tækifæri til að eiga minningar sem gjöf í framtíðinni sem það hefðu annars misst af (Zhang o.fl., 2014).

Ljóst er að hversdagssögur fortíðarinnar eru margar hverjar glataðar og við munum aldrei vita hvað formæður okkar voru að hugsa í sínu daglega amstri. Því er ástæða til að gefa sögum núlifandi fólks gaum og velta fyrir sér hvernig sé hægt að nálgast hversdagsleikann og hversdagslegar minningar samferðafólks okkar og deila með öðrum, m.a. á söfnum. Sigurður Gylfi Magnússon (2005, bls. 13) talar um líf sem auðlind í bókinni *Sjálfsögur* og bendir á að á sama hátt og lífið er efniviður listamannsins geti frásaga einstaklings sem lítur yfir farinn veg verið sjálfstætt framlag hans til hugsana mannsins um liðna tíð sem og efniviður fræðimanna. Við þurfum þó að sætta okkur við að ekki sé hægt að búa til heildstæða mynd af lífinu eins og það var og að líf verði á þennan hátt auðlind.

4 Aðferð

Í þessum kafla verður fjallað um markmið og aðferðafræði rannsóknarinnar. Farið verður yfir hvernig hún var framkvæmd og hvaða rannsóknaraðferðum var beitt. Enn fremur verður gerð grein fyrir réttmæti og áreiðanleika hennar.

4.1 Markmið rannsóknarinnar og-aðferðafræði

Markmiðið með þessari rannsókn á Hversdagssafninu á Ísafirði var að rannsaka virði hversdagsleikans, vægi hans í menningararfinum og hvernig hann birtist á safninu. Áhugi minn á Hversdagssafninu vaknaði fyrir alvöru þegar ég tók þátt í sýningu safnsins sem viðfangsefni. Í kjölfarið hófust alls kyns vangaveltur um undirskipun hversdagsleikans í menningararfinum og ekki síður hvernig hann kemur fram í vali á viðfangsefnum og í framsetningu safna. Til að þrengja og afmarka rannsóknarspurninguna tók ég til við að lesa, hlusta og horfa á efni um menningararf og hversdaginn. Jafnframt tók ég óformlegt viðtal við stofnendur safnsins. Í þessari vinnu mótuðust rannsóknarspurningarnar tvær: Hvers virði er að varpa ljósi á vægi hins hversdagslega í menningararfinum? Og hvernig birtist hversdagsleikinn á Hversdagssafninu? Til að nálgast svarið við rannsóknarspurningunum var aðferðum félagsfræðinnar beitt með eigindlegum rannsóknaraðferðum en tilfellarannsókn féll best að viðfangsefninu og hún því notuð.

4.2 Eigindlegar rannsóknaraðferðir

Rætur eigindlegra rannsókna eru djúpar og liggja í heimspeki fyrri alda. Á 20. öld fóru fjölbreyttar rannsóknaraðferðir að þróast og eiga þær það flestar sammerkt að lýsa tilteknum mannlegum fyrirbærum og auka skilning á þeim (Denzin og Lincoln, 2005). Í eigindlegum rannsóknum er áherslan lögð á að skilja frekar en að spá fyrir um eitthvað og fá heildarmynd af fyrirbærinu eða tengslum innan þeirrar menningar eða kerfis sem verið er að ranskaka (Sigríður Halldórsdóttir, 2013, bls. 239). Eigindlegar rannsóknaraðferðir beina sjónum að mannlegri reynslu og hana er ekki hægt að mæla. Hún er þó vissulega til staðar og það er hægt að reyna að skilja hana (Van Kaam, 1966). Þegar eigindlegum rannsóknaraðferðum er beitt er byrjað á að velja þá aðferð við gagnaöflun og túlkun gagna sem hentar best því sem á að

rannsaka. Mikilvægt er að skipuleggja ferlið, halda sig við rannsóknaraðferðina og verjast fyrirfram ákveðnum hugmyndum til að auka réttmæti og áreiðanleika hennar. Lokaniðurstaðan inniheldur síðan ítarlega greiningu á því sem skoðað er og túlkun á því þar sem sjónarmið þátttakenda birtast ásamt rödd rannsakanda (Creswell og Poth, 2018).

4.3 Tilfellarannsókn

Tilfellarannsóknir (e. *case study*) eru oft notaðar til að dýpka skilning á viðfangsefninu og brjóta flókin tilfelli til mergjar. Þær geta hvort sem er verið lýsandi eða skýrandi. Í tilfellarannsókn skoðar rannsakandi tilfelli til að átta sig á eðli þess og tengslum milli breyta. Hann reynir að sýna fram á orsakasambönd og er þessi rannsóknaraðferð sérstaklega hentug til að dýpka skilning og þekkingu á raunverulegum aðstæðum og tilfellum. Tilfellarannsóknir gera rannsakanda kleift að prófa tilgátur og skapa þær. Rannsóknirnar geta verið aftursæjar, þar sem fyrirbyggjandi gögn ráða vali á tilfelli, eða framsæjar, en þar eru tilfelli skoðuð þegar þau verða tiltæk við fyrirfram ákveðin greiningarmerki. Í þessu tilfelli var eftirfarandi sex skrefum tilfellarannsóknarferlisins fylgt (Rúnar Helgi Andrason og Ársæll Már Arnarsson, 2013, bls. 498).

- *Að setja fram spurningar:* Við val á spurningu er mikilvægt að skilgreina hana vel svo að hún verði ekki of víðtæk og að hún beini athyglinni að því sem verið er að rannsaka (Rúnar Helgi Andrason og Ársæll Már Arnarsson, 2013). Vegna þeirrar undirbúningsvinnu sem gerð var í upphafi þessarar rannsóknar var hægt að skilgreina rannsóknarspurningar vel.
- *Val á tilfellum eða aðferðum við gagnasöfnun og greiningu:* Í þessari rannsókn var úrtakið tilgangsurttak og kom val á tilfelli af sjálfu sér því að upphafsspurningin er beinlínis um Hversdagssafnið. Þær aðferðir sem til greina komu til að fá sem dýpsta þekkingu var að taka viðtöl við stofnendur safnsins ásamt því að safna gögnum um það; viðtölum, skýrslum og öðru sem varpar ljósi á rekstur þess og tilgang. Síðast en ekki síst er upplifun og reynsla rannsakanda sem viðfangsefni safnsins og gests á safninu hluti af því sem kemur fram og varpar ljósi á rannsóknarefnið.
- *Undirbúningur gagnasöfnunar:* Í eigindlegum rannsóknum er litið svo á að allur veruleiki sé huglægur. Til að tryggja réttmæti og áreiðanleika er mikilvægt að söfnun gagna sé fyrirfram skipulögð og nákvæmni sé gætt. Hlutverk rannsakanda er flókið því að hann sjálfur er aðalmælitækið og þarf að vera hæfur í mannlegum samskiptum til að geta

spurt góðra spurninga og túlkað svörin. Hann þarf enn fremur að forðast að láta skoðanir sínar hafa áhrif og vera góður hlustandi sem getur brugðist við óvæntum breytingum (Rúnar Helgi Andrason og Ársæll Már Arnarsson, 2013). Í þessari rannsókn lagði rannsakandi sig fram um að fylgja skipulagi og vera eins nákvæm og kostur var þrátt fyrir töf á verkinu vegna utanaðkomandi aðstæðna.

- *Söfnun gagna á vettvangi:* Veigamestu upplýsingarnar fyrir rannsókn þessa fengust úr tveimur viðtölum við stofnendur Hversdagssafnsins. Fyrri viðtalið var óformlegt og hálfopið en hið síðara var hálfopið þar sem stuðst var við spurningar en viðmælendur jafnframt hvattir til að segja frá hverju því sem þeim þótti mikilvægt að kæmi fram. Á þann hátt leiddu vangaveltur oft til nýrra spurninga og gáfu þar með upplýsingar sem annars hefðu ekki komið fram. Við greiningu á gögnum var íhugandi greiningu beitt þar sem rannsakandi noti eigin dómgreind og innsæi til að meta og lýsa viðfangsefninu (Rúnar Helgi Andrason og Ársæll Már Arnarsson, 2013). Viðtalið fór fram bæði á íslensku og ensku og fengu viðmælendur tækifæri til að lesa þýðingu og túlkun rannsakanda á viðtölunum til að koma í veg fyrir misskilning og villur.
- *Túlkun og greining gagna:* Við gagnasöfnunina þarf rannsakandinn jafnframt að átta sig á ósamræmi eða skorti á upplýsingum. Það er mjög mikilvægt við gagnaöflun að rannsakandi missi ekki sjónar á eftirfarandi atriðum: „Af hverju er verið að gera þessa rannsókn? Eftir hvaða gögnum er leitað? Hvaða frávikum eða breytingum má gera ráð fyrir og hvað á að gera ef slíkt kemur upp? Hvaða gögn styðja eða ganga gegn þeim fullyrðingum sem liggja til grundvallar rannsókninni?“ (Rúnar Helgi Andrason og Ársæll Már Arnarsson, 2013, bls. 501). Rannsakandi leitaðist við að hafa þessi atriði til hliðsjónar á öllum stigum rannsóknarinnar.
- *Undirbúningur skýrslu og framsetning gagna:* Lokaafurð þessarar rannsóknar er B.A. ritgerð með hefðbundinni kaflaskiptingu með greinandi framsetningu þar sem rannsakandi greinir gögn og túlkar þau. Við gerð hennar var byggt á rannsóknardagbók rannsakanda og var markmiðið að framsetning efnis væri skýr og læsileg og að hún sýni fram á að rannsakandi hafi kynnt sér efnið vel og gætt að hlutlægni (Sigríður Halldórsdóttir, 2013 bls. 506-507).

4.4 Framkvæmd

Við framkvæmd rannsóknarinnar var upplýsingum um fræðin og viðfangsefnið safnað jöfnum höndum á öllum stigum eftir að viðfangsefnið hafði verið valið. Haldin var rannsóknardagbók þar sem öllum upplýsingum sem vörðuðu rannsóknina var kerfisbundið safnað. Dagbókin innihélt tímasetta áætlun um viðtöl, söfnun annarra gagna og greiningu. Áætlunin var endurskoðuð og uppfærð eftir þörfum. Þar var enn fremur að finna hugleiðingar um efnið, upplýsingar og gögn frá Hversdagssafninu um safnið sem og fræðilegt efni um menningararf og hversdaginn. Rannsóknardagbókin var í sífelltri þróun eftir því hvaða þræðir voru raktir og hvert nýjar upplýsingar leiddu rannsóknina. Fyrsta skrefið í rannsókninni var að heimsækja safnið og taka óformlegt viðtal við stofnendur þess og í framhaldi af því voru fræðin skoðuð, óformlega viðtalið skrifað upp og það greint. Á því stigi mótaðist endanleg útgáfa rannsóknarspurninganna. Þegar búið var að styrkja þekkingargrunninn með þessum hætti var formlegt viðtal tekið við stofnendur. Viðtalið var afritað og síðan þemagreint í samræmi við hið fyrra. Viðtölin voru bæði hálfopin og höfðu viðmælendur frelsi til að bæta við upplýsingum sem þeir töldu skipta máli. Þá tók við endanleg úrvinnsla gagna og að koma efninu í röklegt samhengi í lokaskýrsluna. Á öllum stigum framkvæmdarinnar var rannsakandi meðvitaður um eigin skoðanir og reynslu af safninu og lagði sig því fram um að tæma hugann af fyrirfram ákveðnum hugmyndum.

4.5 Réttmæti og áreiðanleiki

Réttmæti og áreiðanleiki rannsókna er nokkurs konar gæðamælikvarði á þær (Eisenhart og Howe, 1992, bls. 644). Að sýna fram á réttmæti og áreiðanleika er ekki síður mikilvægt í eigindlegum rannsóknum þó að það geti verið bæði flókið og erfitt (Kvale, 1989, bls. 83). Til að auka réttmæti þessarar rannsóknar var stuðst við eftirfarandi fimm þætti (Morse o.fl., 2002).

- *Að passa aðferðafræðilegt samræmi:* Í þessari rannsókn var þess gætt að samræmi væri á milli aðferða við gagnagreiningu og -söfnun og rannsóknarspurninganna sem settar voru fram. Tilfellið sem um ræðir er skoðað með gögnum og viðtölum til að varpa ljósi á vandamálið. Þar sem rannsakandi hafði áður verið viðfangsefni á safninu kom hann að rannsókninni með fyrirfram ákveðnar hugmyndir um undirskipun hversdagsleikans og var það í raun kveikjan að rannsókninni. Rannsakandi vann markvisst að því að draga úr áhrifum þeirra með því að hreinsa hugann og viðhalda gagnrýnni hugsun í allri vinnu við

rannsóknina. Það að hafa verið viðfangsefni gaf einnig ómetanlegar upplýsingar og innsýn í hugmyndafræði og vinnubrögð við sýningar safnsins. Leitast var við að spyrja opinna spurninga í viðtölum og leita eftir vísbendingum auk þess að vanda spurningarnar og söfnun annarra gagna þannig að sem mestu hlutleysi væri náð.

- *Að vanda úrtak:* Viðmælendur í rannsókninni voru valdir sem tilgangsrúrtak þar sem þeir eru stofnendur safnsins og búa þar með yfir meiri og betri upplýsingum um hugmyndafræði og annað tengt safninu en nokkur annar.
- *Að greina rannsóknargögn jafnóðum:* Gögn voru greind og samþætt fyrirbyggjandi upplýsingum strax og þeim var safnað. Viðmælendur fengu á síðari stigum að lesa yfir það efni sem nýtt var úr viðtölunum, koma með athugasemdir til að forðast misskilning og fá nánari útskýringar á efninu þegar það átti við.
- *Að hugsa fræðilega:* Allra rannsóknargagna var aflað með opnu og spyrjandi hugarfari. Tengdar voru saman upplýsingar úr viðtölum og gögnum safnsins við þekkingarbrot og upplýsingar um menningararf, hversdaginn og Hversdagssafnið sem aflað var víða.
- *Að þróa hugmyndir meðvitað:* Á þeim tíma sem rannsakandi aflaði gagna, greindi þau, samþætti og skrifaði B.A. ritgerðina breyttust og þróuðust hugmyndir hans um efnið. Það sem ógnaði réttmæti þessarar rannsóknar var einkum það að hann þekkti safnið og hafði verið viðfang á því og kom því til verksins með fyrirfram ákveðnar hugmyndir. Hann var meðvitaður um það og beitti markvisst ákveðnum aðferðum við að hreinsa hugann og viðhalda gagnrýnum spurnarhugsunarhætti.

5 Niðurstöður

Hér verður litið yfir niðurstöður rannsóknarinnar. Þemun voru greind og birt í samræmi við það efni sem fjallað var um í fræðilega hluta ritgerðarinnar. Markmið rannsóknarinnar var að skoða birtingarmynd hversdagsleikans á Hversdagssafninu og virði þess að varpa ljósi á vægi hins hversdagslega í menningararfinum. Út frá því voru tekin tvö hálfopin viðtöl við stofnendur og rekstraraðila Hversdagssafnsins, Björgu Sveinbjörnsdóttur og Vaidu Bražiūnaitė. Þar svöruðu þær spurningum um tilurð, rekstur og hugmyndafræði safnsins og sögðu frá því hvernig þær safna hversdagssögum fólks á svæðinu, vinna þær og miðla þeim á Hversdagssafninu. Viðtölin hafa verið greind með aðferðum félagsvísindanna og skiptast hér í eftirfarandi fjóra kafla: Hversdagssafnið – frá hugmynd til veruleika, Sögurnar sem safnkostur, Huldufnið hversdagurinn og Menningararfurinn.

5.1 Hversdagssafnið – frá hugmynd til veruleika

Árið 2016 voru Björg Sveinbjörnsdóttir og Vaida Bražiūnaitė í atvinnuleit. Þær eru báðar með menntun á sviði félagsvísinda og í miðlun og veltu þær fyrir sér möguleikanum á að nýta menntun sína á vinnumarkaði. Þær nýttu sameiginlegan áhuga sinn á hversdagslífi fólks og þannig fór boltinn að rúlla. Þær ákváðu að sækja um styrk hjá Vaxtasamningi Vestfjarða og fengu hann. Það var fyrsta skrefið í að vinna að þeirri hugmynd að miðla sögum úr daglegu lífi heimafólks (Björg Sveinbjörnsdóttir og Vaida Bražiūnaitė, munnleg heimild, 15. apríl 2020).

Hversdagssafnið, sem fyrst kallaðist Skóbúðin, byrjaði sem verslun og gallerí með hönnun og list af svæðinu en sögurnar voru í bakgrunni. Björg segir styrkjaumhverfið mjög markaðsdrifið og þau sjónarmið eigi víða upp á pallborðið í framsetningu á menningararfi. Upphaflega hafi þær ekki ætlað sér að opna verslun og eins og Vaida orðar það þá var þeim ýtt út í að vera með búð. Björg tekur undir og segir hugmyndina hafa þróast með stefnu Vaxtasamningsins sem voru markaðsdrifnar og með áherslu á ferðamenn. Hún bendir einnig á að markaðssetning ferðamála gangi gjarnan út á að aftengja frekar en að tengja. Áherslan sé á að sýna hvað allt sé svo merkilegt og öðruvísi að það sé allt svo framandi, og við séum sérstök og fólk eigi að koma og skoða okkur. Reynslan á safninu hefur kennt Vaidu og Björgu að fólk á ferðalagi er forvitið um

hagi íbúa á svæðinu. Því langar að skilja heimamenn og tengjast þeim. Eftir að hafa komið Skóbúðinni af stað í þessu formi og sannað gildi hennar gátu þær fíkrað sig í þá átt sem þær vildu fara, þ.e. að Hversdagssafninu: „Svo færðum við okkur frá markaðshlutanum yfir í að vera meira að reyna að vera einstakt safn sem er með það markmið að tengja fólk. Þannig að þetta er áhugavert, peningarnir stýra því líka hvernig hugmyndirnar þróast“ (Björg Sveinbjörnsdóttir, munnleg heimild, 15. apríl 2020). Vaida bætir við að í byrjun hafi þær sett meiri áherslu á hið sérstaka en viðbrögð gestanna, þegar þeir tengdu við sögurnar og rifjuðu upp sínar minningar, opnuðu augu þeirra fyrir því að þarna væri eitthvað áhugavert á ferð. Þær fóru þess vegna að vinna markvissara að því að tengja meira við gestina og að gestirnir tengdust og skildu fólk á bak við sögurnar og halda til haga þeim sögum, sögubrotum og minningum sem gestirnir rifjuðu upp (Björg Sveinbjörnsdóttir og Vaida Bražiūnaitė, munnleg heimild, 15. apríl 2020).

Tilgangurinn með safninu er að segja sögur venjulegs fólks og gefa fólk á jaðrinum rödd í hlutlausu rými. Konur og innflytjendur skipa meirihluta þeirra sem segja sögur sínar þar. Það má segja að það hafi verið ómeðvitað þar sem þessir hópar, að undanskilinni einni innsetningu á safninu, voru ekki valdir markvisst. Björg segir svo frá að í fyrstu sýningunni hafi viðmælendur einungis verið konur: „Það var einfaldara að nálgast þær, sem segir líka sína sögu. Við vildum skoða hvað gerist við eldhúsborðin í einkasviðinu og þar eru konur“ (Björg Sveinbjörnsdóttir munnleg heimild, 15. apríl 2020). Hún bætir við þetta að ástríðan og áhuginn liggja í að draga fram raddir þeirra og afraksturinn eða safnkosturinn sé samspil vals á viðmælendum, efni og miðlun. Vaida lýsir því hvernig tilfinning það er að finna sögurnar og skrá þær: „Það er dálítið eins og að vera baksviðs í lífi fólks. Augnablikin sem ekki virðast vera mikilvæg í fyrstu en eru mikilvæg. Atvik sem gerast á jaðrinum í sögunni sem viðmælandinn er að segja. Það er mikilvægt að tapa ekki hinu óvænta í tilverunni, því það eru verðmæti (Vaida Bražiūnaitė, munnleg heimild, 15. apríl 2020).

Að sögn Vaidu og Bjargar hefur reksturinn alltaf verið þungur þrátt fyrir að þær hafi hlotið ýmsa styrki. Vinnan á safninu hefur verið aukavinna og að miklu leyti launalaus. Það hefur orðið til þess að þær hafa ekki getað rannsakað og sett upp eins margar sýningar og þær hefðu viljað því að þær hafa einfaldlega ekki haft tíma eða fjármuni í slíkt. Óskastaðan væri að þær hefðu fjárhagslegt bolmagn til þess að geta unnið fulla vinnu á safninu við rannsóknir og miðlun (Björg Sveinbjörnsdóttir og Vaida Bražiūnaitė, munnleg heimild, 15. apríl 2020).

5.2 Sögurnar sem safnkostur

Björgu og Vaidu er tíðrætt um hvað formið sé mikilvægt til að skila hversdagslegum sögum úr lífi fólks til safngesta. Það þurfi að vera vel unnið og úthugað til að koma sögunni á framfæri þannig að hún sé raunveruleg. „Það er mikilvægt að tapa ekki töfrunum í miðluninni,“ segir Björg og Vaida heldur áfram og segir það vera áskorun að skapa það umhverfi sem miðli sögunum vel og að nálgast söguna frá sjónarhorni sögumanns. Það geti tekið langan tíma að gera góða sýningu og finna réttu útfærsluna. Þær skoða allra handa útfærslur í tengslum við innsetningar sínar og velta fyrir sér skynjun því að það auki við upplifunina að geta snert, hlustað eða jafnvel mátað. Þetta sé einhvers konar leikur sem framkalli mismunandi tilfinningar og Björg bætir við að það þurfi að velja viðeigandi hluti eða tæki til að hjálpa gestum að tengja. Eins og til dæmis að leyfa fólki að finna sögur og myndir inn í bókum eða meðhöndla skó og jafnvel máta þá á meðan það hlustar á eiganda þeirra segja sögu um hvert hann hafi gengið í skónum. Vinnan að baki innsetningunum er ekki alltaf auðveld og Vaida játar að það sé stundum erfitt að biðja fólk um sögur og að þetta sé dálítið eins og að gera innrás í líf þess og það sé ekki sjálfgefið að fá það traust. Fólki reynist erfitt að greina sinn eigin hversdag því að „maður sér ekki alltaf hvað er fallett og lýrískt í sínu eigin lífi.“ (Vaida Bražiūnaitė, munnleg heimild, 15. apríl 2020). Björg bætir við að fólk eigi það til að vanmeta hæfni sína til að segja sögur og hún lýsir vinnuferlinu sem blöndu af öguðum akademískum vinnubrögðum og listrænni nálgun. Listræna nálgunin veiti þeim auk þess ákveðið frelsi til að nýta tilfinninguna fyrir því sem er að gerast á jaðri sögunnar og grípa brotakenndar sögur (Björg Sveinbjörnsdóttir og Vaida Bražiūnaitė, munnleg heimild, 15. apríl 2020).

Björg segir safnkostinn ekki einungis innihalda sögur fólks af svæðinu heldur einnig sögur og tilfinningar sem gestirnir finna við að skoða, hlusta og lesa sögur á safninu en þannig tengjast þeir hjarta svæðisins. Hlutirnir á safninu eru ekki eiginlegir safngripir heldur til stuðnings og eiga þeir að hjálpa fólki að tengja og þar með skilja aðstæður sögumannanna. Hlutverk hlutanna er að skapa stemningu líkt og innréttingar og lýsing gera. Björg og Vaida nota hálfopin djúpvíðtöl sem aðferðafræði, þær taka þau upp og afrita. Lokaniðurstaðan er svo í raun lítill hluti af því sem sagt er í víðtölunum og oft kemur bitastæðasta sagan sem aukasaga á jaðri annarrar sögu sem viðkomandi er að segja (Björg Sveinbjörnsdóttir og Vaida Bražiūnaitė, munnleg heimild, 15. apríl 2020).

Sögumaður getur verið valinn af ýmsum ástæðum. Þar hafi áhugaverð reynsla, þekking eða kunningskapur áhrif. Þeim finnst best að taka viðtölin heima hjá fólki þar sem umhverfið, hlutir eða myndir verða hluti af sögunni og þar sé jafnframt auðvelt að skapa afslappað andrúmsloft með kaffi eða mat. „Við sneiðum hjá margsögðum sögum og leyfum viðmælandanum að tala um allt og ekkert og gefum honum rými til að segja söguna oft í bútum,“ segir Björg og hún bætir við að enn fremur sé mikilvægt að leyfa viðkomandi að halda sínu sjónarhorni. Vaida líkir þessari vinnu við að fylgjast með baksviðs í leikhúsi. Þær séu vakandi fyrir því sem gerist í kringum viðburðinn sem viðmælandi er að segja frá og skoði ekki bara viðburðinn sjálfan heldur alla upplifunina. Þær eru vakandi fyrir öllum litlu sögunum, fólkinu sem kemur fram í þeim og hvaða tilfinningar og upplifun sögunar bera með sér. „Það má líkja þessu við fylgjast með öllu sem gerist baksviðs í leiksýningu, því sem er mikilvægt en ekki í sviðsljósinu. Kúnstin er síðan að velja sögunar, hversdagsljóðin og tapa ekki töfrunum.“ (Vaida Bražiūnaitė, munnleg heimild, 15. apríl 2020). Þeim er tíðrætt um hversu mikilvægt það sé að miðla þannig að töfrarnir tapist ekki, miðla tilfinningunni til gesta þannig að hún verði upplifun fyrir þá. Að sagan verði sönn og raunveruleg og að hún miðli manneskjunni sem sagði hana og endurspegli jafnframt eigin sögu gestanna. Björg leggur áherslu á að gesturinn sé ekki bara neytandi, hann gefi líka af sér (Björg Sveinbjörnsdóttir og Vaida Bražiūnaitė, munnleg heimild, 15. apríl 2020).

5.3 Huldufnið hversdagurinn

Þegar viðtalið er tekið í aprílmánuði árið 2020 er heimurinn í ákveðinni upplausn vegna fyrstu bylgju Covid-19 faraldursins. Björg bendir á að athyglisvert sé að fylgjast með því hvernig hversdagurinn sé í forgrunni núna þegar við erum stödd í miðjum heimsfaraldri þar sem allir hafi verið reknir inn á hversdagssviðið og öllu uppbroti hafi verið aflýst. Vaida tekur undir og bætir við að það ætti auðvitað að rannsaka hversdaginn miklu betur núna á þessum skrítnu tímum. Björg bætir við að öll upplifun sé mikilvæg, hvort sem hún er sorg, reiði, gleði eða hamingja, því að við séum í grunninn öll eins og það séu allir sem byggja samfélag. Þess vegna sé mikilvægt að miðla röddum allra. Hversdagssafnið sé andsvar við því að hefðbundin safnafræði hafi oftast en ekki snúist um að skoða þetta merkilega (Björg Sveinbjörnsdóttir og Vaida Bražiūnaitė, munnleg heimild, 15. apríl 2020).

Ef búið er að búa til fyrirbæri eða hugtakið þetta merkilega. Hvað þá um hitt, hvað er það? Andsvarið er þá hið hversdagslega. Á sama hátt hefur einkasviðinu verið lýst ómerkilegu og opinbera sviðinu sem merkilegu, en það er ekki satt því, það gerist margt merkilegt á einkasviðinu. Á ferðalögum langar mann að komast að hjarta svæðisins og maður fær það ekki þó maður fari inn á endalaus söfn um landið. Þannig kynnist maður aldrei fólkinu og menningunni og veit ekki alveg um hvað þetta snýst, því maður fær ekki neina upplifun, það er ekki neitt sem maður tengir við. Hversdagurinn er einmitt mikilvægur því þar fær maður frásagnir og tengsl og samhengi sem fær mann til að setja sig í spor og skilja. (Björg Sveinbjörnsdóttir, munnleg heimild, 15. apríl 2020)

Björg og Vaida segja að fólk leiti að því sammannlega. Það sé kannski sérstakt hvað við borðum en það borði allir og allir borði með fjölskyldu eða vinum í félagslegri athöfn. Það hafi líka allir misst einhvern og þó að jarðarfarir séu mismunandi þá séum við öll með tilfinninguna og hún sé sú sama. „Það er svo mikið verið að aftengja fólk með því að segja hvernig allt sé öðruvísi en kannski þurfa öll þessi öfl að koma núna og til að tengja. Kannski er hversdagurinn bara algjört tengingartól,“ segir Björg og heldur áfram: „Hversdagurinn er allt og ekkert hann er hulduefnið í heiminum, það sem gerist á milli merkilegra viðburða og það er hægt að rannsaka hann endalaust.“ (Björg Sveinbjörnsdóttir, munnleg heimild, 15. apríl 2020)

5.4 Menningararfurinn

Menningararfur eins og við þekkjum hann úr umræðunni um friðun og verndun gamalla hluta og háttá kemur þeim Björgu og Vaidu fyrir sjónir sem svolítið undarlegt fyrirbæri. Hann veki upp ótal spurningar um hvað hann sé. Þær hafi velt fyrir sér hvaðan hann komi, hver hafi skilgreiningarvaldið og hver sé tilgangur hans. Björg bætir við að það sé skondið að fylgjast með því hvernig sumir staðir eru settir á heimsminjaská á meðan aðrir halda áfram að vera bara venjulegir staðir. Hún segir það varasamt að taka þetta of alvarlega eða draga of miklar ályktanir af því. Þær eru sammála um að hugtakið menningararfur og það sem oftast en ekki er unnið með sem slíkt tengist pólitík, peningum og völdum. Þær tengja hann frjálshyggjunni, segja hann gagnert notaðan sem stjórnæki og oftast en ekki sé hann í formi varnings sem seldur sé til ferðamanna. Í ljósi þess að það sé skoðað hvað telst sem menningararfur segir Björg ekki síður áhugavert að skoða hvað teljist ekki til menningararfs að eitthvað sé skilið útundan á jaðrinum og svo sé þetta líka spurning um tíma „Hvenær verður eitthvað að menningararfi? Til dæmis taílenskur matur, hvenær verður hann hluti af íslenskum menningararfi – því hann er vissulega hluti af okkar menningu“ (Björg Sveinbjörnsdóttir, munnleg heimild, 15. apríl 2020). Þrátt fyrir ágætar vangaveltur verður fátt um svör. Vaida bendir á að ef sjónarhornið er miðað við þann

sem kemur inn á svæðið þá langi viðkomandi iðulega að komast að hjarta svæðisins og eiga samtali við íbúa og tengjast þeim (Björg Sveinbjörnsdóttir og Vaida Bražiūnaitė, munnleg heimild, 15. apríl 2020).

Ég veit hvað mér finnst að ætti að vera menningararfur, hversdagslegu minningarnar okkar. Við höfum oft talað um þegar við höfum ferðast og ekki fundið stað eða safn þar sem við gátum fundið tengingu við svæðið. Söfn sem sýna menningararf eru þannig uppbyggð að þau eru staðreyndarmiðuð og sýna gamla hluti, við tengdum ekki við það. Við höfðum áhuga á safni sem væri einhverskonar blanda af listum og þjóðfræði, næstum eins og að koma inn í eldhús eða stofur heimamanna, settar fram þannig að það væri eins og þú ættir í hversdagslegum samræðum við þá. Okkar safn stendur fyrir það að búa til aðgang gesta að eldhúsum heimamanna rétt eins og þeir fengju sér kaffi saman við eldhúsborðið og skiptust á sögum í léttu spjalli. (Vaida Bražiūnaitė, munnleg heimild, 15. apríl 2020)

6 Umræður

Markmið þessarar rannsóknar var að leita svara við spurningunum: Hvernig birtist hversdagsleikinn á Hversdagssafninu? Hvers virði er að varpa ljósi á vægi hins hversdagslega í menningararfinum? Í þessum kafla er fjallað um hvernig til tókst að svara þeim spurningum.

6.1 Virði hins hversdagslega í menningararfinum

Hversdagurinn hefur lengst af verið undirskipaður og þótt óáhugaverður eða jafnvel ómerkilegur. Líklegt er að á þeim forsendum hafi hann verið aðskilinn menningararfinum í sviðsetningu sem á að endurspeglar fortíðina, væntanlega til að undirstrika sérstöðu menningararfsins og gera hann áhugaverðari (Bryndís Björgvinsdóttir, 2015). Söfn og aðrir aðilar sem miðla menningararfinum hafa auk þess sett hann fram með þeim hætti að stórir þjóðfélagshópar og jaðarhópar, eins og t.d. konur og innflytjendur, lenda á jaðrinum og verða nær ósýnilegir (Ólafur Rastrick og Valdimar Tr. Hafstein, 2015).

Það kemur ágætlega fram í skilgreiningum og lögum um menningararf og menningarminjar hvað telst til menningararfs á Íslandi. Í *Íslenskri nútímamálsorðabók* Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum kemur til dæmis fram að menningararfur mótist af mörgum kynslóðum og að um sé að ræða gamla muni, siði og fornminjar (Halldóra Jónsdóttir og Þórdís Úlfarsdóttir, 2020b). Í lögum um menningarminjar (nr. 80/2012) er talað um að færa komandi kynslóðum menningararfsem er líka skilgreindur sem gamlir munir. Það er því hæpið að hversdagssögur nútímafólks rúmist innan þessara skilgreininga og laga. Hvað þá þeir nýju siðir og matarvenjur sem innflytjendur hvaðanæva að hafa fært okkur og hljóta þó að teljast til menningar okkar. Það er því ekki að furða að Björg skuli hafa velt því fyrir sér hvenær tælenskur matur verði íslenskur menningararfur. Miðað við framangreindar reglur og lög tekur það einhverjar kynslóðir að gerast.

Ef skoðuð er miðlun safna á menningararfinum þá hallar enn undan fæti. Því þó að sum söfn geri hversdaglegu amstri skil, þá einkum í atvinnusögu, er vinnslu og miðlun menningararfs oft ábótavant. Þar hafa konur og jaðarhópar nánast verið ósýnilegir eða fjallað um þá sem

viðföng (Arndís Bergsdóttir, 2015) en ekki á þeirra forsendum eða út frá þeirra sjónarhorni (Grahm, 2006, bls. 440). Ef við skoðum miðlun og framsetningu á Hversdagssafninu þá sjáum við að nálgun þar er önnur. Þar nota Björg og Vaida djúpvíðtöl og gæta þess í söfnun, vinnslu og miðlun að sjónarhorn viðmælandans haldist til að sagan verði sönn og raunveruleg (Björg Sveinbjörnsdóttir og Vaida Bražiūnaitė, munnleg heimild, 15. apríl 2020).

Menningararfur hefur verið notaður til að efla sjálfsmynd þjóða (Logan og Smith, 2018, bls. 17) og þar með hlýtur að vera æskilegt að allir eða a.m.k. sem flestir geti fundið samhljóm í honum. Menningararfur er ekki bara til að vernda og friða, hann er líka notaður til að innvikla eða útiloka (Arndís Bergsdóttir og Sigurjón Baldur Hafsteinsson, 2018, bls. 103). Enda hefur miðlun menningararfs eins og við þekkjum hann helst á söfnum vakið upp spurningar um tilgang hans og tilurð. Eins og fram kemur í viðtölunum við Björgu og Vaidu hafa þær efasemdir um menningararfinn og hversu mikla ályktanir sé hægt að draga af því sem telst til menningararfs. Þessar efasemdir eru réttmætar því eins og sést hér að framan hafa fræðimenn lýst vanköntum á skilgreiningum og miðlun á honum og ætla má í framhaldi af því að hversdagssögur venjulegs fólks séu nauðsynleg viðbót við það sem sett er fram sem menningararfur.

Allt er þetta mannanna verk. Í menningararfi liggur hápólitískt vald þegar kemur að vali á viðfangsefnum og framsetningu (Ólafur Rastrick og Valdimar Tr. Hafstein, 2015). Valdhafar hvers tíma, sem ákveða í raun hvernig menningararfurinn þróast, geta nýtt fyrirbærið sem stjórnæki, sem tæki til að innræta og viðhalda þjóðerniskennd eða til að safna og vernda það sem þeim þykir þóknanlegt (Thomas, 2016). Markaðssetning menningararfsins er líka stjórnæki og í því ljósi er áhugavert að skoða hvernig áherslur Vaxtasamnings Vestfjarða ýttu Vaidu og Björgu út í að opna verslun (Björg Sveinbjörnsdóttir og Vaida Bražiūnaitė, munnleg heimild, 15. apríl 2020). Menningararfinum er ætlað að vera eins konar brú á milli kynslóða (Ólafur Rastrick og Valdimar Tr. Hafstein, 2015) og ef hugmyndin um hann væri endurskoðuð frá grunni og hversdagurinn væri innviklaður myndi það mögulega byggja brú á milli menningarheima. Okkur er því kannski óhætt að efast og spyrja spurninga þegar einhver byrjar að tala um menningararf því við vitum að stórir hópar fólks eru gerðir ósýnilegir við miðlun hans. Það er því ekki langsótt að ætla að vægi hversdagsins í menningararfinum sé of lítið og að það sé virði fólgið í því að meta stöðuna til að hægt sé að bregðast við henni.

6.2 Hvernig birtist hversdagsleikinn á Hversdagssafninu?

Hversdagsleikinn birtist gestum á Hversdagssafninu í heimilislegri, látlausri og listrænni umgjörð þar sem hugvit og hagkvæmni haldast í hendur. Safnkosturinn er hversdagssögur Vestfirðinga sem Björg og Vaida hafa safnað og miðla á safninu með listrænum innsetningum og sýningum. Þar fá gestirnir að meðhöndla hversdagslega muni sem tengjast sögunum en þeir eru ekki eiginlegir safngripir heldur til stuðnings og til að hjálpa fólki að tengja og þar með skilja aðstæður sögumanns. Hlutverk þeirra er að skapa stemningu líkt og innréttingar og lýsing. Það má því segja að hversdagsleikinn bókstaflega svífi yfir vötnum á safninu (Björg Sveinbjörnsdóttir og Vaida Bražiūnaitė, munnleg heimild, 15. apríl 2020).

Að gera hversdagsleikann sýnilegan er mikilvægt. Í honum gerist allt okkar daglega amstur, hvort sem það er í gleði eða sorg, og hann geymir öll sagnabrotin um samskipti og atburði sem skipta okkur máli. Þótt við virðumst ekki alltaf gera okkur grein fyrir því þá eru hversdagssögurnar og minningarnar verðmætar fyrir okkur sjálf og aðra í nútíð og framtíð. Hversdagssögurnar geta verið framlag til þess hvernig við hugsum um liðna tíð og efniviður í rannsóknir fræðimanna í framtíðinni (Sigurður Gylfi Magnússon, 2005). Líklegt er að okkur þyki það sem við skrifum í dagbækur okkar í dag bæði áhugavert og mikilvægt þegar frá líður. Það á við hvort sem um er að ræða dagbókarfærslur um venjulegar athafnir, samskipti fólks eða hugleiðingar. Má í þessu samhengi benda á niðurstöðu rannsóknar Zhang o.fl. (2014) en samkvæmt henni er fylgni á milli þess hve áhugaverð fólki finnst dagbókarskrif sín þegar þau eru skoðuð síðar og hversu hversdagsleg skrifin eru. Miklum meirihluta þátttakenda í þeirri rannsókn fannst skrifin um daglegt amstur mikilvægari og áhugaverðari þvert á það sem þeir höfðu sjálfir spáð.

Við rannsókn mína á Hversdagssafninu og virði þess að gera hversdagsleikann sýnilegan kom fljótlega í ljós að hugtökin og fyrirbærin söfn, menningararfur og hversdagurinn sem fjallað er um eru mjög viðamikil. Ég reyndi að afmarka efnið, þrengja fókusinn og vinna faglega úr því efni sem ég viðaði að mér svo þessi B.A. ritgerð gæti orðið lítið en röklegt framlag í umræðuna um þessi mál. Þó að áhugi minn á þessum málefnum sé mikill þá gæti reynsluleysi mitt í rannsóknum hafa komið að sök.

7 Lokaorð

Við lok þessarar rannsóknar er tvennt sem stendur upp úr í huga rannsakanda. Annars vegar hversu mikilvægt það er að tengja fólk saman og hins vegar hvernig miðlun menningararfs mismunar fólki eftir uppruna og kyni. Með því að safna og miðla sögum almennings úr hversdagslífinu eru þær Vaida og Björg á Hversdagssafninu ekki bara að gefa fólki á jaðrinum rödd heldur eru þær að gefa öðrum kost á að heyra þessar raddir. Með því að hlusta á sögur og segja sögur tengjumst við og skiljum hvert annað betur. Við tengjum við sögur annarra og rifjum upp okkar eigin og þó að við komum úr mismunandi menningarheimum og séum með mismunandi bakgrunn og við skiljum annað fólk því allir hafa misst og allir þurfa að uppfylla daglegar þarfir. Það er mikilvægt að gefa fólki tækifæri til að tengja því grunnurinn í öllum mannlegum samskiptum og samfélögum er að skilja og tengjast. Ef við legðum meiri áherslu á hvað við eigum sameiginlegt frekar en að horfa á sérstöðu okkar er óhætt að trúna að heimurinn væri friðsamari. Það má því taka undir með Björgu og Vaidu þegar þær segja að hversdagurinn sé algjört tengitól.

Menningararfur er magnað fyrirbæri. Það er bæði stórt og yfirgripsmikið og ætla mætti að það geymdi sögu okkar allra, siði og fortíð. Því miður er það þó ekki svo. Söfn sem geyma menningararfinn og miðla honum eru sprottin upp úr gömlu valdakerfi hins ríka vestræna karlmanns sem á eitthvað undir sér. Það hefur reynst erfitt og allt of seinlegt að endurskoða úrelt vinnubrögð og innleiða kynjaða hugsun. Niðurstaðan er sú að sagan og menningararfurinn eru kynnt út frá sjónarhóli þessa gamla kerfis. Konur hafa því að mestu verið ósýnilegar á söfnum og ef það sést glitta í konu þá er líklegt að saga hennar sé ekki sögð út frá hennar sjónarhorni á hennar forsendum heldur fáum við að horfa á hana með karlkynjagleraugum feðraveldisins.

Það er ekki hægt annað en að hrífast af Hversdagssafninu og þeirri hugsjónavinnu sem þær Vaida og Björk hafa unnið í þágu hversdagsleikans til að sýna mikilvægi hans. Þeim hefur með sýningunum og öðru starfi á safninu tekist að sýna fram á hversu mikið verðmæti er falið í amstri dagsins.

Eftir að hafa fengið tækifæri til að sökkva mér í heim Hversdagssafnsins fæ ég betur séð fegurðina í daglegu brasi og brölti og stend mig að því að leita að ljóðunum í hversdagssögunum, minningum og hreinlega öllum samskiptum fólks og vanda mig við að tapa ekki töfrunum í dagsins önn.

Heimildir

- Ambrose, T. og Paine, C. (1998). *Grunnatriði safnastarfs* (Helgi M. Sigurðsson þýddi). Árbæjarsafn og Ljósmyndasafn Reykjavíkur. (Upphaflega gefið út 1994)
- Anna Þorbjörg Þorgrímsdóttir. (2008). Menningararfur með strípur: Varðveisla eða miðlun? *Ritið*, 8(1), 7–32. <https://timarit.is/gegnir/001071804>
- Arndís Bergsdóttir. (2015). Í soðholum var soðinn matur: Kynjafræðileg greining á sýningunni í minjagarðinum að Hofsstöðum. *Ólafía*, 2015(5), 53–64.
- Arndís Bergsdóttir. (2016). Museums and Feminist Matters: Considerations of a Feminist Museology. *NORA: Nordic Journal of Feminist and Gender Research*, 24(2), 126–139. <http://dx.doi.org/10.1080/08038740.2016.1182945>
- Arndís Bergsdóttir og Sigurjón Baldur Hafsteinsson. (2018). The Fleshyness of Absence: The matter of absence in a feminist museology. Í W. Logan og L. Smith (ritstjórar ritraðar), *Key Issues in Cultural Heritage: 14. bindi. Gender and Heritage: Performance, Place and Politics* (bls. 99–112). Routledge.
- Arnhildur Lilý Karlsdóttir. (2019, 26. mars). Hvað er hversdagsleiki fyrir þér? *Úr vör*. <https://www.urvor.is/post/hvad-er-hversdagsleiki-fyrir-ther>
- Árni Böðvarsson (ritstjóri). (1988). *Íslensk orðabók*. Bókaútgáfa Menningarsjóðs.
- Bryndís Björgvinsdóttir. (2015). „Þetta er fyrir tvö hundruð árum!“: Um sviðsetningu menningararfs. Í Ólafur Rastrick og Valdimar Tr. Hafstein (ritstjórar), *Menningararfur á Íslandi: Gagnrýni og greining* (bls. 146–148). Háskólaútgáfan.
- Cameron, D. F. (1971). The Museum, a Temple or the Forum. *Curator: The Museum Journal*, 14(1), 11–24. <https://doi.org/10.1111/j.2151-6952.1971.tb00416.x>
- Creswell, J. W. og Poth, C. N. (2018). *Qualitative Inquiry and Research Design: Choosing Among Five Approaches* (4. útgáfa). Sage.
- Denzin, N. K. og Lincoln, Y. S. (ritstjórar). (2005). *The SAGE Handbook of Qualitative Research* (3. útgáfa). Sage.
- Edda Pétursdóttir og Marta Hlín Magnadóttir (ritstjórar). (2020). Huldufni hins daglega amsturs skoðað á Hversdagssafninu. *Vestanpósturinn*, 32(1), 42–45.

- Eisenhart, M. A. og Howe, K. R. (1992). Validity in Educational Research. Í M. D. LeComte, W. L. Millroy og J. Preissle (ritstjórar), *The Handbook of Qualitative Research in Education* (bls. 643–680). Academic Press.
- Fjórdungssamband Vestfirðinga. (2016). *Sóknaráætlun Vestfjarða 2015-2019: Lokaútgáfa – október 2016*. <https://www.vestfiridir.is/static/files/Soknaraaetlun/soknaraaetlun-vestfjarda-lokautgafa-7.okt-2016.pdf>
- Grahn, W. (2006). *”Känn dig själf”: Genus, historiekonstruktion och kulturhistoriska museirepresentationer* [Doktorsritgerð, Linköping University]. DiVA. <http://urn.kb.se/resolve?urn=urn:nbn:se:liu:diva-7271>
- Logan, W.S og Smith, L. (2018), Series general co-editor’ foreword : The matter of absence in a feminist museology. Í W. Logan og L. Smith (ritstjórar ritraðar), *Key Issues in Cultural Heritage: 14. bindi. Gender and Heritage: Performance, Place and Politics* (bls. 17). Routledge
- Gyða Margrét Pétursdóttir. (2012). Styðjandi og mengandi kvenleiki innan áru kynjajafnréttis. *Íslenska þjóðfélagið*, 3(1), 5–18. <https://www.thjodfelagid.is/index.php/Th/article/view/35>
- Halldóra Jónsdóttir og Þórdís Úlfarsdóttir (ritstjórar). (2020, mars). Hversdagslegur. *Íslensk nútímamálsorðabók*. Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum. <https://islenskordabok.arnastofnun.is/ord/21816>
- Halldóra Jónsdóttir og Þórdís Úlfarsdóttir (ritstjórar). (2020a, mars). Menningararfur. *Íslensk nútímamálsorðabók*. Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum. <https://islenskordabok.arnastofnun.is/ord/49746>
- Halldóra Jónsdóttir og Þórdís Úlfarsdóttir (ritstjórar). (2020b, mars). Menningararfur. *Íslensk nútímamálsorðabók*. Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum. <https://islenskordabok.arnastofnun.is/ord/49746>
- Hversdagssafn [@hversdagssafn]. (e.d.). *Posts* [Instagram prófíll]. Instagram. Sótt 13. júní 2020, <https://www.instagram.com/hversdagssafn/>
- Hversdagssafnið. (e.d.). *Sýningar*. <https://everydaylife.is/islenska/exhibitions/>
- Kvale, S. (1989). To validate is to question. Í S. Kvale (ritstjóri.), *Issues of validity in qualitative research* (bls. 73–92). Studentlitteratur.
- Lög um menningarminjar nr. 80/2012.
- Morse, J. M., Barrett, M., Mayan, M., Olson, K. og Spiers, J. (2002). Verification Strategies for Establishing Reliability and Validity in Qualitative Research. *International Journal of Qualitative Methods*, 1(2), 13–22.

- Ólafur Rastrick. (2007) . Menningararfur í fjölmenningsamfélagi: Einsleitni, fjölhyggja, tvíbendni. Í Benedikt Eypórssón og Hrafnkell Lárússon (ritstjórar), *Þriðja íslenska sögubíngið 18.-21. maí 2006* (bls. 333–341). Sagnfræðingafélag Íslands.
- Ólafur Rastrick. (2015). Í húð og hár: Arfurinn, kvenleikinn og ögun líkamans. Í Ólafur Rastrick og Valdimar Tr. Hafstein (ritstjórar), *Menningararfur á Íslandi: Gagnrýni og greining* (bls. 134–135). Háskólaútgáfan.
- Ólafur Rastrick og Valdimar Tr. Hafstein. (2015). Gagnrýnin menningararfsfræði: Rannsóknarsvið í mótun. Í Ólafur Rastrick og Valdimar Tr. Hafstein (ritstjórar), *Menningararfur á Íslandi: Gagnrýni og greining* (bls. 9–18). Háskólaútgáfan.
- Porter, G. (1995). Seeing through Solidity: A feminist perspective on museums. *The Sociological Review*, 43(S1), 105–126. <https://doi.org/10.1111/j.1467-954X.1995.tb03427.x>
- Rúnar Helgi Andrason og Ársæll Már Arnarsson. (2013). Tilfellarannsóknir. Í Sigríður Halldórsdóttir (ritstjóri), *Handbók í aðferðafræði rannsókna* (bls. 497–509). Háskólinn á Akureyri.
- Safnalög nr. 141/2011
- Safnaráð. (e.d.). *Skilgreiningar*. <https://safnarad.is/vidurkennd-sofn/skilgreiningar/>
- Sigríður Dúna Kristmundsdóttir. (1999). Konan með kyndilinn - áhrif Simone de Beauvoir á íslenska kvennabaráttu. Í Irma Erlingsdóttir og Sigríður Þorgeirsdóttir (ritstjórar), *Simone de Beauvoir: heimspekingur, rithöfundur, femínisti* (bls. 67–82). Háskólaútgáfan.
- Sigríður Halldórsdóttir. (2013). Yfirlit yfir eiginlegar rannsóknaraðferðir. Í Sigríður Halldórsdóttir (ritstjóri), *Handbók í aðferðafræði rannsókna* (bls. 239–249). Háskólinn á Akureyri.
- Sigurður Gylfi Magnússon. (2005). Sjálfssögur: Minni, minningar og saga. Í Davíð Ólafsson, Már Jónsson og Sigurður Gylfi Magnússon (ritstjórar ritraðar), *Sýnisbók íslenskrar alþýðumenningar: 11. bindi*. Háskólaútgáfan.
- Smith, C. S. (2016). Museums, Artefacts, and Meanings. Í P. Vergo (ritstjóri), *The New Museology* (6. útgáfa, 1. kafli). Reaktion Books. [Kindle Paperwhite útgáfa]. Sótt af amazon.com
- Thomas, N. (2016). *The Return of Curiosity: What Museums are Good For in the 21st Century*. Reaktion Books .
- Valdimar Tr. Hafstein. (2006). Menningararfur: Sagan í neytendaumbúðum. Í Hilma Gunnarsdóttir, Jón Þór Pétursson og Sigurður Gylfi Magnússon (ritstjórar), *Frá*

endurskoðun til upplausnar (bls. 313–328). Miðstöð einsögurannsókna og ReykjavíkurAkademían.

Van Kaam, A. (1966). *Existential Foundations of Psychology*. Duquesne University Press.

Zhang, T., Kim, T., Brooks, A. W., Gino, F. og Norton, M. I. (2014). A “Present” for the Future: The Unexpected Value of Rediscovery. *Psychological Science*, 25(10), 1851–1860. <https://doi.org/10.1177/0956797614542274>